



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástæður þess að staða dagforeldrakerfisins var ekki á dagskrá skóla- og frístundaráðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 3. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Svo sem fram kemur í bókun undir dagskrárlið 12 á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs, haldinn hinn 19. september sl., þá var sá skilningur lagður til grundvallar að staða dagforeldrakerfisins yrði rædd heildstætt á næsta fundi ráðsins. Samt sem áður er það málefni ekki sett á dagskrá fundarins í dag. Hver er ástæða þess að málefni dagforeldrakerfisins eru ekki á dagskrá fundarins?

Svar:

Formaður ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs sem samþykkt var í borgarstjórn 18. júní 2019. Reynt er að koma til móts við óskir fulltrúa um umfjöllunarefni á fundum skóla- og frístundaráðs en stundum þarf að forgangsraða því hvaða mál fara á dagskrá hverju sinni. Þá getur það tekið tíma að safna gögnum um mál.